



Ástundunarreglur Barnaskólans í Hafnarfirði

Skólaárið 2022 – 2023

BARNASKÓLI HJALLASTEFNUNNAR Í HAFNARFIRÐI

Ástundunarreglur Barnaskólans í Hafnarfirði

Þessar reglur taka mið af þeim reglum sem gilda við aðra grunnskóla Hafnarfjarðarbæjar frá haustinu 2019.

Almennar reglur

1. Ástundun er notað sem samheiti yfir allar fjarvistir í skólastarfi, sem er skipt í tvær tegundir í þessum tillögum. Það er annars vegar reglur um fjarvistir og seinkomur í kennslustundir og hins vegar um leyfi og veikindi.
2. Fjarvistir/seinkomur og leyfi/veikindi lúta sitt hvoru viðmiði varðandi eftirfylgni þótt í meginatriðum sé sama skipulag á hvoru tveggja. Það skipulag sem fyrr fer í gang ræður för ef þau eru ekki samhliða. Ákveðnu vinnuferli er fylgt varðandi fjarvistir/seinkomur og leyfi/veikindi sem skiptist í forstig, viðbragðsstig, hættustig og barnaverndarstig. Tilgangur þessara ferla er að samhæfa viðbrögð við skólasókn í grunnskólum Hafnarfjarðar svo áþekkt ferli mæti nemendum með svipaða skólasókn óháð einstaka grunnskólum.
3. Sömu skráningarblöð/skólasóknarform eru fyrir hvert stiganna þriggja og gilda um fjarvistir/seinkomur og leyfi/veikindi í samræmi við viðmið hér aftar.
4. Ástundun er tekin saman yfir skólaárið í heild frá ágúst til júní.

Fjarvistir og seinkomur í kennslustund

1. Ef nemandi kemur í kennslustund eftir að kennsla hefst hjá kennara fær hann eitt fjarvistarstig og telst það vera seinkoma.
2. Ef nemandi mætir ekki í kennslustund eða eftir að 20 mínútur eru liðnar af henni telst það vera fjarvist og gefur tvö fjarvistarstig.

Leyfi og veikindi

1. Stök leyfi/veikindi sem samtals er sex kennslustundir telst vera einn fjarvistardagur.
2. Í stökum tilvikum er ákveðið að ferli fari ekki í gang sökum þess að eðlileg skýring er fyrir hendi og kennari hefur upplýsingar frá forsjáraðilum, t.d. vegna dvalar á spítala.
3. Leyfi í tvo daga eða skemur skal sækja um hjá umsjónarkennara sem skráir það í Mentor. Lengra leyfi þarf að sækja um hjá skólastjóra með því að senda tölvupóst á barnaskolinnhfj@hjalli.is.

Helstu hugtök sem koma fyrir

Fjarvist: Að hafa ekki heimild fyrir fjarvist í kennslustund (ekki með leyfi eða skráð veikindi). Að mæta ekki í kennslustund innan 20 mínútna eftir að hún hefst eða alls ekki telst vera full fjarvist eða tvö fjarvistarstig.

Fjarvistarstig: Stig sem eru notuð til að halda saman hversu mikið nemandi hefur verið fjarverandi eða komið of seint. Seinkoma gefur eitt stig og fjarvist í kennslustund gefur tvö stig.

Fjarvistardagur: Sex kennslustundir (12 fjarvistarstig) búa til einn fjarvistardag (meðaltal þar sem kennslutímar geta verið mismargir eftir skóladögum hjá einstaka nemendum).

Leyfi: Forsjáraðilar taka leyfi fyrir nemanda.

Seinkoma: Mæting í tíma eftir að kennsla hefst telst seinkoma. Ath. að ef nemandi mætir meira en 20 mín. eftir að kennslustund hefst telst það vera full fjarvist.

Skólasóknarform: Form sem tilheyra hverju stigi í skólasókn og fylgja nemanda milli stiga. Formin eru alls þrjú og eru tvö þau fyrstu kynnt hér. Form fyrir þriðja stig er meðferðaráætlun á vegum Barnaverndar Hafnarfjarðar.

Veikindi: Forsjáraðilar tilkynna veikindi daglega með símhringingu til skóla, tölvupósti eða skráningu aðstandenda í umsýslukerfi skóla (Mentor).

Kennslustund: Til að gæta að samræmi við aðra skóla við skráningu ástundunar er hópatímum í Barnaskólanum skipt upp í þrjár 40 mínútna kennslustundir í Mentor. Í daglegu starfi í skólanum vinna börn og kennarar áfram með hópatíma sem staka tímaeiningu.

Ferli um fjarvistir, seinkomur og brottrekstra

Fjarvistarstig	Verklag
0–12	Hrós fyrir virka mætingu í skólann.
13–30	Forstig Ástundun send úr Mentor til forsjáraðila. Umsjónarkennari fyllir út samantektarform um mætingu og upplýsir skólastjóra um að viðkomandi nemandi sé kominn á forstig. LOK stigs (eftir 30 fjarvistarstig): Umsjónarkennari sendir póst á forsjáraðila og tilkynnir að málið fari á viðbragðsstig. PÓSTUR TIL FORSJÁRAÐILA
	Sjá framhald á næstu síðu

<p>31–50</p>	<p>Viðbragðsstig</p> <p>Skólastjóri boðar forsjáraðila og umsjónarkennara á fund þar sem <i>skólasóknarform 1</i> er fyllt út. Greina þarf vanda og leggja til ákvarðanir sem miða að bættri skólasókn (mætingarsamningur gerður við foreldra).</p> <p>Umsjónarkennari fylgist náið með skólasókn.</p> <p>Ef fjarvistir halda áfram kynnir skólastjóri forsjáraðilum næsta stig sem er að málið verður sent til nemendaverndarráðs.</p> <p>LOK stigs (eftir 50 fjarvistarstig) skólastjóri í samstarfi við umsjónarkennara útbýr tilkynningu til nemendaverndarráðs. Útfyllt <i>skólasóknarform 1</i> fylgir tilkynningu.</p> <p>SKÓLASÓKNARFORM 1 og SKIL TIL NEMENDAVERNDARRÁÐS</p>
<p>51–70</p>	<p>Hættustig</p> <p>Nemendaverndarráð fjallar um erindið og samþykkir frekari vinnslu á hættustigi.</p> <p>Skólastjóri boðar forsjáraðila á fund. Unnið <i>skólasóknarform 2</i>, þ.e. frekari greining og lagðar fram tillögur um frekari aðgerðir til að bæta skólasóknina.</p> <p>LOK stigs (eftir 70 fjarvistarstig) tilkynning til barnaverndar gerð af skólastjóra og forsjáraðilum kynnt það í tölvupósti. Útfyllt <i>skólasóknarform 2</i> fylgir með tilkynningu til barnaverndar.</p> <p>SKÓLASÓKNARFORM 2 og BARNAVERNDARTILKYNNING</p>
<p>71 og fleiri</p>	<p>Barnaverndarstig</p> <p>Tilkynningafundur hjá barnavernd innan 7 daga frá því að tilkynning berst sem tekur ákvörðun um könnun tilkynningar.</p> <p>Mál samþykkt í könnun úthlutað til barnaverndarstarfsmanns (eins fljótt og mögulegt er).</p> <p>Könnunarfundur með forsjáraðilum og fulltrúum skóla (sem fyrst) og málið sett í meðferðaráætlunargerð/aðgerðir í framhaldinu. Fundargerð unnin af barnavernd.</p> <p>Meðferðaáætlun gerð af barnaverndarstarfsmanni, t.d. sjúkrakennsla, PMTO meðferð, tilsjón, MST, fóstur o.fl., sett í gang í samvinnu við forsjáraðila og skóla. Jafnvel gert strax í lok fundar.</p> <p>Eftirfylgnifundir barnaverndar með forsjáraðilum og skóla.</p> <p>Lok máls.</p> <p>Í sumum tilvikum geta forsjáraðilar unnið að málum sjálfir varðandi skólaforðun, t.d. í samstarfi við heilbrigðiskerfið. Þá getur verið að þessi liður falli niður til að of margir aðilar séu ekki að fást við málið og viðhafa viðeigandi verkaskiptingu. Það á sérstaklega við ef forsjáraðilar eru í góðu samstarfi.</p> <p>Form könnunarfundar og meðferðaráætlunar barnaverndar</p>

Ferli um leyfi og veikindi

Fjarvistardagar	Verklag
0–9 dagar	Hrós fyrir virka mætingu í skólann.
10–14 dagar	<p>Forstig</p> <p>Ástundun send úr Mentor til forsjáraðila.</p> <p>Umsjónarkennari hringir í foreldra til að átta sig á stöðunni.</p> <p>Umsjónarkennari fyllir út samantektarform um mætingu og upplýsir skólastjóra um að viðkomandi nemandi sé kominn á forstig.</p> <p>Skólastjóri metur hvort skólaforðunarferli fer í gang.</p> <p>LOK stigs (eftir 14 fjarvistardaga) umsjónarkennari sendir póst á forsjáraðila og tilkynnir að málið fari á viðbragðsstig.</p> <p>PÓSTUR TIL FORSJÁRAÐILA, SAMANTEKT TIL SKÓLASTJÓRA</p>
15–18 dagar	<p>Viðbragðsstig</p> <p>Skólastjóri boðar forsjáraðila og umsjónarkennara á fund þar sem <i>skólasóknarform 1</i> er fyllt út. Greina þarf vanda og leggja til lausnir sem miða að bættri skólasókn (mætingarsamningur við foreldra).</p> <p>LOK stigs (eftir 18 fjarvistardaga) skólastjóri í samstarfi við umsjónarkennara útbýr tilkynningu til nemendaverndarráðs. Útfyllt <i>skólasóknarform 1</i> fylgir tilkynningu.</p> <p>SKÓLASÓKNARFORM 1 og SKIL TIL NEMENDAVERNDARRÁÐS</p>
19–29 dagar	<p>Hættustig</p> <p>Nemendaverndarráð fjallar um erindið og samþykkir frekari vinnslu á hættustigi.</p> <p>Skólastjóri boðar forsjáraðila á fund. Unnið <i>skólasóknarform 2</i>, þ.e. frekari greining og gerðar tillögur um frekari aðgerðir til að bæta skólasóknina.</p> <p>LOK stigs (eftir 29 fjarvistardaga) tilkynning til barnaverndar gerð af skólastjóra og forsjáraðilum kynnt það í tölvupósti. Útfyllt <i>skólasóknarform 2</i> fylgir með tilkynningu til barnaverndar.</p> <p>SKÓLASÓKNARFORM 2 og TILKYNNING TIL BARNAVERNDAR</p>
	<p>Sjá framhald á næstu síðu</p>

**30 dagar
eða fleiri**

Barnaverndarstig

Tilkynningafundur hjá barnavernd innan 7 daga frá því að tilkynning berst sem tekur ákvörðun um könnun tilkynningar.

Mál samþykkt í könnun úthlutað til barnaverndarstarfsmanns (eins fljótt og mögulegt er).

Könnunarfundur með forsjáraðilum og fulltrúum skóla (sem fyrst) og málið sett í meðferðaráætlunargerð/aðgerðir í framhaldinu. Fundargerð unnin af barnavernd.

Meðferðaáætlun gerð af barnaverndarstarfsmanni, t.d. sjúkrakennsla, PMTO meðferð, tilsjón, MST, fóstur o.fl., sett í gang í samvinnu við forsjáraðila og skóla. Jafnvel gert strax í lok fundar.

Eftirfylgnifundir barnaverndar með forsjáraðilum og skóla.

Lok máls.

Í sumum tilvikum geta forsjáraðilar unnið að málum sjálfir varðandi skólaforðun, t.d. í samstarfi við heilbrigðiskerfið. Þá getur verið að þessi liður falli niður til að of margir aðilar séu ekki að fást við málið og viðhafa viðeigandi verkaskiptingu. Það á sérstaklega við ef forsjáraðilar eru í góðu samstarfi.

Form könnunarfundar og meðferðaráætlunar barnaverndar